

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um framkvæmd samgönguáætlunar.

1. *Hvaða verkefni í vegamálum verða boðin út á þessu ári á grundvelli gildandi samgönguáætlunar?*

Eftirfarandi verkefni hafa verið boðin út á grundvelli gildandi samgönguáætlunar á þessu ári:

Vegur	Kaflí	Samgönguáætlun 2007–2010
264 Rangárvallavegur	Hringvegur – Akurbrekka	2008–2009
359 Bræðratunguvegur	Flúðir – Tungufljót	2007–2010
318 Langholtsvegur	Hringvegur – Ármótavegamót	2009
1 Hringvegur	Um Hellu	2009
415 Álftanesvegur **	Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur	2007–2008
60 Vestfjarðavegur	Þverá – Þingmannaá	2008–2009
72 Hvammstangavegur	Um Hvammstanga	2007
59 Laxárdalsvegur	Höskuldsstaðir – Leiðólfsstaðir	2008–2009
85 Norðausturvegur	Bunguflói – Vopnafjörður	2007–2010
874 Raufarhafnarvegur	Hófaskarðsleið – Flugvöllur	2008–2009
1 Hringvegur	Litla Sandfell – Haugaá	2008–2010
1 Hringvegur **	Um Ysta Rjúkandi	2009

2. *Verður gengið til samninga við verktaka um þau verkefni sem þegar hafa verið boðin út?*

Gengið hefur verið til samninga við verktaka í öllum verkum sem boðin hafa verið út nema tveimur, sbr. auðkenni í töflu í 1. tölul. (**).

3. *Er ætlunin að bjóða út vegagerðarverkefni á þessu ári sem ekki verða fjármögnuð eftir svokallaðri einkafjármögnunarleið?*

Í haust verður staðan endurmetin og skoðað hvort unnt verður að ráðast í frekari útboð.